

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1975

12. maí 1975.

393

Nr. 200.

REGLUGERÐ

um takmarkaða heimild til hringnótaveiða.

1. gr.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til þorsk- og ufsaveiða með hringnót bátum undir 55 smálestum, á veiðisvæði, sem markast að vestan af línu réttvísandi norður frá Siglunesi og að austan af línu réttvísandi austur frá Langanesi. Ráðuneytið getur bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 71 18. apríl 1974, um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. maí 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

22. maí 1975.

Nr. 201.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í smásölu sbr. reglugerð nr. 112/1968.

Ráðuneytið hefur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins hækkun smásöluerðs seldrar raforku skv. gildandi gjaldskrá um 5,5% + 10% frá og með 1. júní 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

B 50

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg